

20. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi 8. september 2025 kl 13.00.

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arinbjörn Bernharðsson, Arnlín Óladóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Eva Sigurbjörnsdóttir, Hulda Birna Albertsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir (mætir síðar á fundinn), Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, Matthías Lýðsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Þorgeir Pálsson.

Forföll boðuðu; Aníta Björk Pálínudóttir, Finnur Ólafsson, Kristján Þ Kristjánsson og Páll Vilhjálmsson. Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar sem ritaði einnig fundargerð, Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri og Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf.

Dagskrá

1. Kynning vinnslutillögu svæðisskipulags í umsagnarferli
2. Kynning á efni umsagna vinnslutillögu svæðisskipulags
 1. Flokkun umsagna
 2. Afgreiðsla umsagna
3. Tímalína verkáætlunar svæðisskipulags
4. Greining á kolefnisspori Vestfjarða og tenging við loftlagsstefnu svæðisskipulags

Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við dagskrá og boðun hans. Engar athugasemdir komu fram og gengið til dagskrár.

1. Kynning vinnslutillögu svæðisskipulags í umsagnarferli

Formaður gaf Aðalsteini orðið. Hann kynnti yfirlit um kynningarfundir sem hafa verið haldnir hafa verið til kynningar á efni vinnslutillögu, en sveitarfélögum og hagaðilum á Vestfjörðum var boðið að eiga slíka fundi með skipulagsráðgjafa og starfsmanni nefndarinnar.

Alls voru haldnir slíkir átta fundir í júní og ágúst og hafa þessir aðila skilað inn eða hafa boðað að skila inn umsögn um vinnslutillögu.

2. Kynning á efni umsagna vinnslutillögu svæðisskipulags
 1. Flokkun umsagna

Formaður gaf Herdísu orðið. Á föstudag 5. sept s.l. voru komnar inn 17 umsagnir með alls 78 athugasemdum og von er á fleirum í þessari viku frá sveitarfélögum og hagaðilum. Hún kynnti forsendur á flokkun umsagna og tillaga til nefndarinnar er að ræða viðbrögð við fimm atriðum; Forgangsroðun samgangna, skemmtiferðaskip, vindorka, þéttbýlisskjarna og virkjanir

2. Afgreiðsla umsagna

Kynntar hugmyndir að afgreiðslu eftir flokkun umsagna og rætt um efnistöð og mótun svara.

- Forgangsröðun samgangna;
Til máls tóku auk formanns Hjörleifur, Hrafnkell, Aðalsteinn, Bragi, Þorgeir, Sigríður Júlía, Eva, Matthías,
Bragi og Sigríður Júlía véku af fundi
Jóhanna kom til fundar undir umræðu í dagskrárliðnum.
- Skemmtiferðarskip.
Til máls tóku auk formanns, Þorgeir, Eva, Jóhanna, Sigríður Kristjánsd, Hrafnkell, Hjörleifur og Matthías.
- Vindorka.
Til máls tóku auk formanns, Jóhanna, Matthías, Hrafnkell, Hjörleifur, Þorgeir Margrét vék af fundi
- Þéttbýliskjarnar.
Til máls tóku auk formanns, Hrafnkell, Aðalsteinn
- Virkjanir
Til máls tóku auk formanns, Hrafnkell, Matthías,
- Önnur umræðuefni, Drangajökulspjóðgarður, burðargeta ferðamannastaða og landslag, víðerni og náttúra. Til máls tóku auk formanns, Eva, Hjörleifur, Sigríður Kristjánsd,

3. Tímalína verkáætlunar svæðisskipulags

Formaður gaf Hrafnkeli orðið. Hann kynnti til umræðu mögulega breytingu á lokastigi framvindu verkefnisins í takti við uppfærð viðmið Skipulagsstofnunar á þessu ári, um ferli við gerð svæðisskipulags.

Til máls tóku auk formanns, Aðalsteinn, Sigríður Kristjánsd, Eva, Þorgeir.

Formaður lagði til að tímalína verði óbreytt, engin athugasemd kom fram við tillögu formanns. Þorgeir, Jóhanna og Ástrós véku af fundi.

4. Greining á kolefnisspori Vestfjarða og tenging við loftlagsstefnu svæðisskipulags

Formaður gaf Hjörleifi orðið, hann vildi kanna hvort viðburður sé á vegum svæðisskipulagsins sem henti til kynningar á greiningu loftlagsstefnu í samstarfi við RECET verkefnið.

Hjörleifur skoðar hvort það henti að biða eftir viðburðum á vegum Svæðisskipulagsins eftir áramót.

Til máls tóku auk formanns, Aðalsteinn, Sigríður Kirstjánsd., Hrafnkell

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.10.